

Reglur um hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómslundaiðkunar

1. gr.

Markmið

Meginmarkmið með hvatagreiðslum er að auðvelda börnum og ungmennum úr Hrunamannahreppi að sinna íþróttá-, lista- og tómslundastarfi.

Hvatagreiðslum er ætlað að greiða niður æfingar- eða þátttökugjöld og auðvelda foreldrum/forráðamönnum barna/ungmenna að gera þeim kleift að stunda skipulagða íþróttá-, lista- og tómslundaiðkun.

Greiðslur skulu að hámarki nema þeirri upphæð sem sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-16 ára sem lögheimili eiga í Hrunamannahreppi geta sótt um hvatagreiðslur.

Skilyrt er að um sé að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar, skátastarf og einkatíma í tónlistarnámi sem ekki er þegar niðurgreitt af Hrunamannahreppi.

Tónlistarnám sem niðurgreitt er af Hrunamannahreppi og líkamsræktarkort falla ekki undir niðurgreiðslu æfingagjalda.

3. gr.

Fylgigögn með umsókn

Staðfesting á greiðslu skal fylgja umsókn um hvatagreiðslur. Á greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram:

Nafn og kennitala félags

Dagsetning greiðslu

Æfingatímabil

Nafn og kennitala iðkanda

4. gr.

Greiðslur

Hvatagreiðslur geta orðið 15.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 30.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling.

Upphæð styrks getur ekki orðið hærri en sem nemur æfinga/þátttökugjaldi viðkomandi íþróttá- eða tómslundagreinar.

Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun fer fram á.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og fyrir 1. desember fyrir hverja haustönn. Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2017.